

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 133/2015

2016/EES/69/04

frá 11. júní 2015

## um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/250 frá 13. febrúar 2015 um breytingu á I. og II. viðauka við ákvörðun 2004/558/EB að því er varðar staðfestingu á því að sambandsríkin Saxland, Sachsen-Anhalt, Brandenburg, Berlín og Mecklenburg-Vorpommern í Þýskalandi hafi þá stöðu að þau séu laus við smitandi nef- og barka-bólgu í nautgripum <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist í 80. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/558/EB) í hluta 4.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32015 D 0250:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/250 frá 13. febrúar 2015 (Stjtið. ESB L 41, 17.2.2015, bls. 43).“

2. gr.

Norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2015/250, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist <sup>(\*)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 41, 17.2.2015, bls. 43.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

formaður.